

Fundarstjóri, góðir fundarmenn,

Það er virkilega ánægjulegt að sjá hversu margir hafa lagt leið sína á þennan fyrsta opna fund Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Mörg ykkar hafa þegar starfað með Fræðslumiðstöðinni að einstökum verkefnum, en sömuleiðis eru mörg ykkar eflaust hingað komin til að fræðast um starfsemi FA. Að ógleymdri raunfærninni og verslunarmenntuninni. Fjallað er um starfsemina í ársritinu sem hér er dreift og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, mun kynna hér á eftir. Ég ætla hins vegar einkum að fjalla hér um tilurðina. Hvers vegna var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins?

Stór hópur án framhaldsmenntunar

Sá hópur fólks sem ekki hefur lokið framhaldsmenntun er mjög stór á íslenskum vinnumarkaði, eða hátt í 40%. Við búum raunar ekki að samanburðartölum fyrir þetta hlutfall á vinnumarkaði nágrannalandsanna, en ef skoðaðar eru tölur um fjölda útskrifaðra úr framhaldsskóla þá sker Ísland sig nokkuð úr í EES-samanburði. Ef skoðaðir eru 22 ára og yngri, miðað við árið 2000, kemur í ljós að hér á landi höfðu 55% lokið framhaldsskóla, en meðaltalið innan EES voru 75%. Eina EES-ríkið sem er með lægra hlutfall en við er Portúgal, með 45%. Hæst var hlutfallið hins vegar í Noregi, tæp 97%.

Ljóst er að margt af því fólki sem ekki hefur lokið framhaldsnámi stendur höllum fæti að því er lýtur að möguleikum til þróunar og sveigjanleika til jafns við framvindu atvinnulífs og nýsköpunar. Um leið liggur fyrir að takmörkuð grunnmenntun og starfsmenntun stendur samkeppnishæfni og nýsköpun fyrir þrifum. Undanfarin misseri hafa Íslendingar upplifað hagvöxt án þess að störfum hafi fjölgað að sama skapi og virðist sem framleiðni hafi aukist til mikilla muna á skömmum tíma, samhliða sívaxandi alþjóðlegri samkeppni. Mikilvægi menntunar mun án vafa áfram fara vaxandi á tímum alþjóðlegrar samkeppni og vaxandi framleiðnikröfu.

Samstarf aðila vinnumarkaðarins

Frá árinu 2000 hafa stéttarfélag og Samtök atvinnulífsins starfrækt sérstaka fræðslusjóði á almennum vinnumarkaði, einkum til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks. Er það samdóma álit samningsaðila og annarra sem til þekkja að mjög vel hafi til tekist með starfsemi sjóðanna og að grettistaki hafi í raun verið lyft í starfsfræðslumálum ófaglærðra á síðasta samningstímabili. Launafólki hafa opnast ný tækifæri til að auka færni sína og hreyfanleika á vinnumarkaði, í opnari heimi aukinnar framleiðni og alþjóðlegrar samkeppni. Aukin hæfni íslensks mannaúðs er auðvitað sameiginlegt hagsmunamál einstaklinganna sjálfra, atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild.

Vilji aðila vinnumarkaðarins hefur staðið til þess að stíga frekari skref í þessum eignum og reyna að brúa bilið milli formlega skólakerfisins og þess óformlega.

- Með því að bjóða upp á námsleiðir sem hlotið hafa ákveðna gæðavottun og fást þannig metnar til eininga innan hins formlega skólakerfis.

- Með því að stuðla að því að hægt sé að sækja slíkt gæðavottað nám á sem flestum stöðum á landinu.
- Með því að gera fólki kleift að fá samræmt mat á sínu fyrra námi og starfsreynslu, fá vottun á sinni raunfærni.

Annað tækifæri til náms

Segja má að áherslan á annað tækifæri til náms sé í raun nútímahugsun í fræðslumálum. Hún snýst um að menntun verði ekki einungis fengin með því að sitja á skólabekk í hefðbundnu skólaumhverfi, heldur samanstandi hún jafnframt af þeirri reynslu og þekkingu sem einstaklingurinn hefur aflað sér, ekki síst úr atvinnulífinu. Hún snýst enn fremur um að fólk með ýmiss konar reynslu og þekkingu geti byggt brýr yfir í hið formlega skólakerfi og fengið raunfærni sína metna til eininga, einkum á framhaldsskólastigi.

Það var ekki síst með þessi verkefni í huga sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands stofnuðu Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í desember 2002, en hún var síðan opnuð formlega í nóvember 2003, eða fyrir réttu ári síðan. Fræðslumiðstöðin hefur verið skilgreind sem samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði, í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Í þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er samkomulag um að FA sinni fyrst og fremst þeim hópi fólks sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendum og fólki í sambærilegri stöðu. Helstu verkefnin voru nefnd hér áðan, en auk þeirra er Fræðslumiðstöðinni meðal annars ætlað að skilgreina menntunarþarfir fyrirtækja, starfsstétta og einstaklinga, og að byggja upp þekkingu á fullorðinsfræðslu.

Stórir áfangar þegar náðst

Þótt verkefnin séu metnaðarfull og einungis tæpt ár sé liðið frá því að Fræðslumiðstöðin opnaði er mjög ánægjulegt að þegar skuli hafa náðst stórir áfangar í starfinu. Auk þess að hafa meðal annars starfað að fjölda þarfagreininga og mótun námsbrauta hefur Fræðslumiðstöðin nú þegar gert tillögu um mat á fimm námsleiðum fyrir ófaglærða sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi. Unnið er að mati á fleiri námsleiðum, í sumum tilfellum samhliða þróun þeirra. Þá hefur Fræðslumiðstöðin gert rammasamning við símenntunarmiðstöðvarnar um land allt, sem ætlað er að stuðla að því að hægt verði að stunda gæðavottað nám á sem flestum stöðum á landinu. Loks hefur mikið starf verið unnið í því skyni að undirbúa samræmda vottun á raunfærni, sem er einmitt helsta þema ársritsins og fundarins í dag.

Stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er þannig ætlað að ná fram samræmingu og öflugri gæðastjórnun og að opna nýja möguleika fyrir íslenskt launafólk, því sjálfu, atvinnulífinu og þjóðfélaginu öllu til hagsbóta. Sem fyrr segir er ánægjulegt að nú þegar hafa stórir áfangar náðst á þessari metnaðarfullu vegferð.

Takk fyrir.